

RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ (RS, sjá bls. 922 í RÍO)

Athugið: Sá fróðleikur um Rússneska sambandslýðveldið sem er að finna í Rússnesk-íslenskri orðabók og fyrri leiðréttingum er vitaskuld úrelt um margt enda slíkar upplýsingar stöðugum breytingum undirorpnar.

Því er ekki reynt að dagrétta þær hér (annað en tölur varðandi “Aðila Sambandsins”), en þær látnar halda sér enda spegla þær ástand sem var á umræddum tímum.

Hins vegar er nú á dögum víða unnt að leita fanga um Rússland. Hér á eftir eru tilgreindar nokkur slík vefsetu:

Almennt:

<http://is.wikipedia.org/wiki/R%C3%BAssland>
http://en.wikipedia.org/wiki/Russia#Russian_Federation
<http://www.nationsonline.org/oneworld/russia.htm>
<https://www.cia.gov/library/publications/the-world-factbook/geos/rs.html>

Norska alfræðiorðabókin á neti:

<http://snl.no/Russland>

Norsk Wikipedia:

<http://no.wikipedia.org/wiki/Russland>

“A Service of the Bureau of Consular Affairs”:

http://travel.state.gov/travel/cis_pa_tw/cis/cis_1006.html

Ríkisstjórn og aðrar stjórnunarstofnanir:

<http://www.gksoft.com/govt/en/ru.html>

<http://www.gov.ru/index.html>

World Health Organization / Heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna:

<http://www.who.int/countries/rus/en/>

Heimsminjaskrá UNESCO. World Heritage Convention:

<http://whc.unesco.org/en/statesparties/ru>

The World Bank / Heimsbankinn:

<http://data.worldbank.org/country/russian-federation>

Fyrir ferðamenn:

<http://www.fco.gov.uk/en/travel-and-living-abroad/travel-advice-by-country/europe/russian-federation>

Google:

http://www.google.no/search?q=Russian+Federation&ie=utf-8&oe=utf-8&aq=t&rls=org.mozilla:nb-NO:official&client=firefox-a#q=Russian+Federation&hl=no&client=firefox-a&hs=Xve&rls=org.mozilla:nb-NO:official&prmd=imvns&ei=D0R3TunAEcmJ4gSAyeEk&start=10&sa=N&bav=on.2_or_r_gc.r_pw.&fp=39a5d54ce2195&biw=1209&bih=819

Sjá einnig rússnesku vefsetrin Yandex / Яндекс (<http://www.yandex.ru/>)

og Википедия:

(http://ru.wikipedia.org/wiki/%D0%97%D0%B0%D0%B3%D0%BB%D0%B0%D0%B2%D0%BD%D0%B0%D1%8F_%D1%8D1%82%D1%80%D0%B0%D0%BD%D0%B8%D1%86%D0%B0)

http://ru.wikipedia.org/wiki/%D0%A0%D0%BE%D1%81%D1%81%D0%B8%D0%B9%D1%81%D0%BA%D0%B0%D1%8F_%D0%A4%D0%B5%D0%B4%D0%B5%D1%80%D0%B0%D1%86%D0%B8%D1%8F#.D0.98.D0.B7.D0.BC.D0.B5.D0.BD.D0.B5.D0.BD.D0.B8.D0.B5_.D1.87.D0.B8.D1.81.D0.BB.D0.B5.D0.BD.D0.BD.D0.BE.D1.81.D1.82.D0.B8_.D0.BD.D0.B0.D1.81.D0.B5.D0.BB.D0.B5.D0.BD.D0.B8.D1.8F_.D0.A0.D0.BE.D1.81.D1.81.D0.B8.D0.B8_.D0.B2_.1821.E2.80.942011.C2.A0.D0.B3.D0.BE.D0.B4.D0.B0.D1.85

Российская федерация — Россия

Samkvæmt stjórnarskránni frá 1993 eru nöfnin Rússland (Россия) og Rússneska sambandsríkið jafnréttá. Í máli hins opinbera er yfirleitt notað Российская Федерация.

Flatarmál 17.075.400 km². Áætlaður íbúafjöldi 2012: 143.030.100 og hefur þá fækkað úr 148,4 miljónum árið 1994.

Stjórnskipun sambandsríkisins. Федеративное устройство.

Í RS eru 21 lýðveldi, 9 fylki, 46 héruð, 2 «sambandsborgir», eitt sjálfstjórnarhérad og 4 sjálfstjórnarsýslur. Skv. tölum frá 2010 voru Rússar 80,64% af íbúum hins núverandi Rússlands, Tatarar 3,87%, Úkraínumenn 1,41%, Tsjúvasjar 1,05%, Baskírar 1,15%, Tsjetsjenar 1,04%, Armenar 0,86%, Avarar 0,66% og Mordvínar 0,54%. Fólk af öðrum þjóðernum þaðan af færra. — Þjóðhátíðardagur er 12. júní. Gjaldmiðill rúbla ("RUB", 100 kópekar). Um áramótin 1997/98 voru 3 núll skorin af RUB. Í febrúar 2012 var gengi hennar ca 4,05 ísl. krónur.

	Субъекты Российской Федерации ásamt höfuðborgum og íbúatölu þeirra	Aðilar Sambandsins. Flatarmál. Íbúatala 2010 (ef annars er ekki getið)
	I. Респу́блики:	Lýðveldi:
1.	*(Респу́блика) Адыге́я. Майко́п / Маикор, 154 740 íb. 2010	(Lýðveldið) Adygeja, 7.600 km ² . Íbúar 2012: 440.327 (437 þús. 1991), þar af Adygejar 110 þús. (26%), Rússar 270,7 þús. (63,6%)
2.	*Респу́блика Алта́й. Горно-Алта́йск / Gorno-Altajsk, íb. 92.903	Lýðveldið Altaj, 92.903 km ² , 206 195 íb., þar af 34% Altajar, 56% Rússar
3.	(Респу́блика) Башкортоста́н {Башки́рия} Уфа́ / Ёфа, 1.074.900 íb.	Lýðveldið Bashkíría (Bashkortostan) 142.947 km ² , 4.072. 102 íb., þar af Bashkírar 29,5%, Rússar 36%
4.	Респу́блика Буря́тия Ула́н-Уде́ / Ёлан.Ёде, 404 þús íb. 2011	Lýðveldið Búrjatía 351.334 km ² , 972.658 íb., þar af Búrjatar 30%, Rússar 66%.
5.	Респу́блика Дагеста́н. Махачкала́ / Makhatsjkala, 578 þús. íb.	Lýðveldið Dagestan 50.270 km ² , 2.977.419 íb., þar af Avarar 29,4%, Dargintsar 17%, Kúmykar 15%, Lezginar 13%, Rússar 3,6%
6.	Ингуше́тия {#Ингу́шская Респу́блика} Мага́с / Magas (reist 1995) íb. 2505 (Til 1995: Назра́нь / Nazran, 93.357 íb.)	Lýðveldið Ingúshetía 3.513 km ² , 412.997 íb., þar af Ingúshar 385,5 þús. (94%), Tsjetsjenar 18,8 þús. (4,6%), Rússar 0,8%.
7.	Кабарди́но-Балка́рская Респу́блика На́льчик / Naltsjik, 240.095 íb.	Lýðveldið Kabardíno-Balkaría, 12.470 km ² ; 859.802 íb., þar af Kabardinar 48%, Balkarar 9,4%, Rússar 32%.
8.	Респу́блика Калмы́кия — Хальмг Тангч Эли́ста / Elísta, 103.100 íb.	Lýðveldið Kalmúkkía — Khalmg Tangtsj, 74.731 km ² ; 288 885 íb., þar af Kalmykar 57,4%, Rússar 30%.
9.	*Карача́ево-Черке́сская Респу́блика Черке́ск / Tsjerkessk, 121,4 þús. íb.	Karatsjajevo-Tsjerkessíska lýðveldið, 14.277 km ² ; 478 517 íb., þar af Karatsjajevar 38,5%, Tsjerkesar 11,3%. Rússar 33,6%.
10.	(Респу́блика) Каре́лия Петрозаво́дск / Petrozavodsk, 270.600 íb.	Lýðveldið Karelía, 180.520 km ² , 645 205. íb., þar af Karelar 7,4%, Rússar 82,2%.
11.	Респу́блика Ко́ми Сыкты́вкар / Syktyvkar, 235.001 íb.	Lýðveldið Komí, 416.774 km ² , 901 642. íb., þar af Komíanar 23,7%, Rússar 65%.

12.	Марийская республика {Республика Марий Эл}, Йошкар-Ола / Joshkar-Ola, 248.704 íb. (2011)	Lýðveldið Marij El, 23.375 km ² , 695.499. íb., þar af Maríar 43,9%, Rússar 47,4%, Tatarar 5,8%.
13.	Республика Мордовия Саранск / Saransk, 297.400 íb.	Lýðveldið Mordovía, 26.128 km ² , 834 819 íb., þar af Mordvínar 40%, Rússar 53,4%.
14.	Якутия {Республика Саха} Якутск / Jakútsk, 268 þús. íb.	Jakútía {Lýðveldið Sakha}, 3.083.523 km ² , 958 291 íb., þar af Jakútar 50%, Rússar 37,8%.
15.	(Республика) Северная Осетия {Алания} Владикавказ / Vladikavkaz (á ossetísku Дзауджикау/ Dzaudzjikau), 311.635 íb.	Lýðveldið Norður-Ossetía {Alanía}, 7.987 km ² , 712 877. íb., þar af 65% Ossetar, 20,8% Rússar, Ingúshar 4%.
16.	Татария {Татарстан} Казань / Kazan, 1.143.500 íb.	Lýðveldið Tatarstan (Tataría), 67.847 km ² , 3.802 285. íb., þar af Tatarar 52,3%, Rússar 39,7%, Tsjúvasar 3,1%.
17.	Республика Тува Кызыл / Kuzyl, 110 þús. íb.	Lýðveldið Túva, 168.604 km ² , 307 925. íb., þar af Túvínar 82%, Rússar 16,3%.
18.	Удмуртия {Удмуртская Республика} Ижевск / Izhevsk, 627.917 íb.	Lýðveldið Údmúrtía, 42.061 km ² , 1.522 761 íb., þar af Údmúrtar 28%, Rússar 62%, Tatarar 6,7%.
19.	*Республика Хакасия Абакан / Abakan, 171.183 íb. (2011)	Lýðveldið Khakasía, 61.589 km ² , 532 319. íb., þar af 12,1% Khakasar, 81,7% Rússar.
20.	Чечня {#Чеченская Республика} Грозный / Groznyj, 271.600 íb. 2010	Tsjetsjenía {Tsjetsjenska lýðveldið}, 16.000 km ² , 1.269 095 íb., þar af Tsjetsjenar 95,3%, Rússar 1,9%.
21.	Чувашия {Чувашская Республика, Чаваш республики}, Чебоксары / Tsjeboksary 473.245 íb. (2011)	Lýðveldið Tsjúvas(h)ía, 18.343 km ² , 1.251 599 íb., þar af Tsjúvasar 67,7%, Rússar 26,9%.

* Fyrirverandi sjálfstjórnarhéruð (АО — автономная область). Республика Алтай var t.d. Горно-Алтайская автономная область. Annars voru flest núverandi sambandslýðvelda sovésk sjálfstjórnarlýðveldi (ASSR — автономная советская социалистическая республика).

Ингушская Республика og Чеченская Республика voru eitt sjálfstjórnarlýðveldi á sovétímanum: Чечено-Ингушская Автономная Советская Социалистическая Республика. Íbúatalan 1989 var 1.270.429, þar af 734.500 tsjetsjenar, 163.760 ingúshar.

Gömlu **sovétlýðveldin** önnur en Rússland (þ. e. Úkraína, Hvíta-Rússland, Georgía, Kazakhstan o.s.frv.) eru oft nefnd einu nafni ближнее зарубежье "útlönd nær".

=====

Bls. 923. Liður IV. Í stað "Borgir undir sambandsstjórn" ber að þýða "Города федерального значения" (Moskva og St. Pétursborg) með "Sambandsborgir."

Nákvæmari skilgreining á Sambandsráði í greininni um Rússneska sambandsþingið á bls. 923:

Í Sambandsráði sitja tveir fulltrúar frá hverjum hinna 89 sambandsaðila: lýðveldi, héraði, sambandsborg, sjálfstjórnarhéraði, sjálfstjórnarsýslu). Er annar forseti viðkomandi "héraðsþings" (heimaþings hvers sambandsaðila), hinn sjálfur "héraðsstjórinn" ("gubernator"). Alls sitja m.ö.o. 178 sjálfskipaðir fulltrúar á Sambandsráði.

(Þegar þetta er ritað, sumarið 2000 hefur neðri deild, Dúman, samþykkt á fundi sínum 19. júní s.l. eftirfarandi breytingar á vali fulltrúa til efri deildar, Sambandsráðsins: Fulltrúar löggjafarvalds skulu kjörnir af þingi hvers sambandsaðila. Fulltrúar framkvæmdavalds skulu tilnefndir af æðsta embættismanni sambandsaðila, þ.e. "héraðsstjóra" (gubernator) eða forseta sambandslýðveldis. Tilkynna þarf þingi tilnefningu innan 3 daga og er

hún þá gild nema 2/3 þingmanna hafni henni. Skipun nýrra fulltrúa í Sanbandsráði á að vera lokið 1. janúar 2002. Búist er við að þessi nýju lög öðlist gildi haustið 2000.).

VIÐAUKI

Um gengi rússnesku rúblunnar

Gengi rússnesku rúblunnar (RUB, áður RUR) gagnvart helstu gjaldmiðlum Vesturlanda hefur sveiflast gífurlega á undanföllum 10 árum. Þess vegna getur verið erfitt að átta sig á upphæðum sem koma fyrir í textum frá þessu tímabili án raunhæfrar viðmiðunar.

Hér á eftir er yfirlit um gengi rúblunnar gagnvart bandaríkjadal á tímabilinu desember 1992 til apríl 1998. Annars má leita upplýsinga um gengi rússnesks gjaldmiðils á vefslóð <http://www.oanda.com/converter/classic> (Classic 164 Currency Converter). Samkvæmt þeirri heimild var gengi rúblunnar 16. mars 2000 — 0.03519 úr bandaríkjadal, þ.e. einn bandaríkjadalur var jafnvirði 28.42 rússneskra rúblna.

11. október 1999 var gengi rúblunnar 3 ísl. krónur, en 17. mars 2000 — 2,5867 ISK, þ.e. ein ísl. króna var 0,3866 rúblur.

Vitaskuld veitir gengisskráning ein aðeins takmarkaða hugmynd um kaupmátt rúblunnar á heimavelli, en of tímafrekt yrði að afla marktæks yfirlits yfir verð á vörum og þjónustu á umræddu tímabili.

Varðandi töfluna hér á eftir er rétt að taka fram að til maímánaðar 1996 skráði Rússlandsbanki ("Landsbanki Rússlands", Центральный банк Российской Федерации, Central Bank of the Russian Federation) gengið í samræmi við uppboðsverð í Gjaldeyrismiðstöðinni í Moskvu, Московская межбанковская валютная биржа (ММББ), "Moscow Inter-bank Currency Exchange (MIBCE)" tvisvar í viku (á þriðjudögum og fimmtudögum). Frá maí 1996 tilkynnir Rússlandsbanki opinbert gengi daglega án tillits til uppboðsverðs í Gjaldeyrismiðstöðinni.

	GENGI			GENGI	
	Rúbla/US \$	Breyting frá fyrra mánuði í prósentum		Rúbla/US \$	Breyting frá fyrra mánuði í prósentum
1992 desember	415		1997		
1993 desember	1247	101,3	janúar	5629	101,2
			febrúar	5676	100,8
1994 desember	3550	109,8	mars	5726	100,9
1995 desember	4840	101,3	apríl	5762	100,6
1996			maí	5773	100,2
janúar	4732	102,0	júní	5782	100,2
febrúar	4818	101,8	júlí	5798	100,3
mars	4854	101,8	ágúst	5830	100,6
apríl	4940	101,8	september	5880	100,5
maí	5014	101,5	október	5887	100,5
júní	5108	101,9	nóvember	5919	100,5
júlí	5191	101,6	desember	5960	100,7
ágúst	5348	103,0	1998		
september	5396	100,9	janúar	6,0260	101,1
október	5455	101,1	febrúar	6,0720	100,8
nóvember	5511	101,0	mars	6,1060	100,6
desember	5560	100,9	apríl	6,1330	100,4

Eins og flestar aðrar þjóðir nota rússar oft slanguryrði um peninga. Þeir heita t.a.m. **бáбки** *мн* <жс^{3*a}>, **бáбкины** *мн* <м^{1a}>, og af einstökum mynteiningum/upphæðum má nefna **лимón**^{1a} *м* = miljón (bæði um rúblur og dollara).

штука^{3a} *жс*, **кусок**^{3*b} *м*, **тónна**^{1a} *жс* = 1000 (bæði um rúblur og dollara)

пятихátка^{3*a} *жс* = 500 rúblur

стóльник^{3a} *м* eða **стохá**^{3b} *жс*, **кáтя**^{2a} *жс*, **косу́ха**^{3a} *жс* = 100 rúblur

полтíнный^{3a} *м* = 50 rúblur eða 50 kópek

четверта́к^{3b} *м*, **четверто́й** *м* <*нрл*>, **у́гол**^{1*b} *м* = 25 rúblur

черво́нец^{5*a} *м*, **чи́рик**^{3a} *м* = 10 rúblur.

Áður tíðkuðust heitin **гри́венник**^{3a} *м* um 10 kópek; **двугри́венник**^{3a} *м* = 20 kópek, **пятиалты́нный** *нрл* = 15 kópek.

Bandaríkjadalir ganga undir nöfnunum **ба́ксы** *мн* <*м*^{1a}> ("bucks"), **зеле́ные** *мн* <*нрл*>, **капу́ста**^{1a} *ж*, **зеле́нь**^{8a} *ж*, **грины́** *мн* <*м*^{1b}> ("green").

Frekar niðrandi nöfn á rúblum: **дерева́нные** *мн* <*нрл*>, **ю́ксы** *мн* <*м*^{1a}>. Rúbluseðill (ekki lengur í notkun) var einnig kallaður **рва́ный** *м* <*нрл*>. Gamalt nafn á rúblu sem enn er við lýði er **целко́вый** *м* <*нрл*>. Á keisarátímanum var það silfurpeningur.